

Garðar Jónsson.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ.
=====

1961.
=====

Suðurlandsundæmi.

Almennt yfirlit:

Laufgun í birkiskjólbeltonum á Tumastöðum, var um 10 maí, en lauffall um mánaðarmótin sept. okt. Síðasta frostnótt á vorinu var nóttin á milli 23 og 24 maí, en fyrsta frostnótt í haust var nóttin á milli 24 og 25 sept. Fyrir frostnóttina í vor, stóðu eplatréin í Múlakoti í blóma og hafa aldrei verið eins mikið af blómum á þeim og nú, en þau féllu öll, aftur á móti stóðst lúpínan á Þveráraurum frostið og af henni safnað 16 kg. af fræi í sumar. Vorið og sumarið var fremur kalt og ársvöxtur á trjám í tæpu meðallagi. Vinna nýttist aftur á móti vel, því veðráttta til útivinnu var góð í sumar. Haustið var úrkomusamt og gekk útiminna heldur illa.

Allar kaupgreiðslur til starfsfólks á árinu námu kr. 703.942,00 og er það kr. 169.353,00 meira en sl.ár. Til fólks sem heima á í Fljótshlíðarhreppi, voru greiddar kr. 309.496,00 eða kr.22.189,00 meira en í fyrra, en samtals til fólks, sem búsett er í Rangárvalla-sýslu voru greiddar kr. 465.429,00.

Starfsfólk á árinu.

Mán.	jan.	febr.	mar.	apr.	maí	jún.	júl.	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Samt.
Kon.				4	14	26	16	13	11	1			85
Karl.	5	6	3	3	11	15	13	13	11	9	2	2	93
Samt.	5	6	3	7	25	41	29	26	22	10	2	2	178

Girðingar:

Í Þjórsárdal var farið til girðingarviðgerðar 26 maí og verið til 2 júní, þá var lagfærð girðingin að framanverðu frá Þjórsá og upp á Selsand, eða þar sem fénaður leitar mest á hana fyrst á vorin. Aftur tekið til við girðinguna 26 júní til 4 júlí og þá lokið við hana að norðanverðu. Að þessu sinni var vandað mjög vel til viðgerðarinnar, víða bætt í nýjum köflum og skipt um staura og renglur. Í fyrsta skipti var nú farið á bíl uppá Fossöldu með girðingarefni, en þar hefur verið slæmur kaflí á seinni árum, sem sagt viðgerðin var vönduð eins og hægt var, enda kom árangurinn í ljós, því varla sást kind í Þjórsárdal í sumar. Kostnaður varð nokkuð mikill eða kr. 44. þús. á móti 32. þús. í fyrra, en það verður svo að vera ef girðingin á að vera fjárlaus, því hún er löng og víða vont girðingarstæði og fénaður leitar mikið á hana, sérstaklega síðsumars.

Á Þórsmörk var að þessu sinni farið til girðingarviðgerðar 4. júlí og unnið þar til 25. júlí. Endurgirtur var kaflinn frá Tindfjallagili að hliðinu í Hamraskógum tæplega 3. km. Allt efni var flutt á dráttarvél neðan úr Húsadal og sparaði það mjög og létti vinnuna og í raun og veru gerði hana framkvæmanlega, því hestar til flutninga fyrirfinnast varla lengur hér um slóðir. Hefur nú á seinustu árum verið endurgirtur kaflinn frá Rjúpnafellsgili og niður að hliðinu í Hamraskógum og er það til mikilla bóta, því það er einmitt sú hliðin á girðingunni er snýr að afréttarlandi V.-Eyfellinga. En betur má ef duga skal, áfram þarf að halda með endurgirðingu, því girðingin er orðin gömul og víða slæmir kaflar. 25. sept. var tekin upp girðingin á Krossáraurum, um 800 m. langur spotti, því Hvanná hefur á hverjum vetri flæmst um aurana þar sem girðingin stendur og oft skemmt hana meira og minna. Athuga verður næsta vor, hvort ekki verður hægt að finna varanlegt girðingarstæði á aurnum, svo ekki þurfi að taka girðinguna upp á hverju ári. Kostnaður við girð-

inguna í ár varð 41. þús. krónur og varla má áætla minna næsta ár ef viðunandi varsla á að fást á næstu árum. Girðingin var smöluð 18 og 19 júlí og út úr henni rekið á annaðhundrað fjár.

Öðrum girðingum var haldið við eins og að undanfögnu, en lítill kostnaður var við þær.

Vegagerð:

Ruddur var vegur í Selhöfðum inn skógarhlíðina frá skúrunum inn að Dímon um 1. km. Einnig voru lagfærðir þeir vegir, sem lagðir voru á s.l. ári um skóginn. Samtals vann jarðýtan 52 kl. að vegagerð í Þjórsárdal í sumar.

Skógarhögg:

Grisjað var í Selhöfðum og Gvendarrana um 20 ha. Höggnað brautir um 1,5 m. á breidd og limið lagt á milli raða, eða ekið austur að Tumastöðum. Aðalgrisjunin var unnin í jan. bebr. í góðu veðri. Kom það sér mjög vel í vor að ekki þurfti að hugsa um grisjun á meðan á gróðursetningu stóð. Allur kostnaður við grisjunina varð kr. 65.417,00, eða kr. 3271,00 á ha. Þó er við það að athuga að nokkuð mikil vinna var lögð í að grisja frá eldri gróðursetningum og var það fært á grisjunarkostnað.

Í Sleppugili á Þórsmörk grisjuðu "Farfluglar" undir eftirliti, frá gróðursetningum, sem plantað var árin 1952 og 1954.

Gróðursetningar:

Í Þjórsárdal voru gróðursettar samtals 86.425 plöntur og er það heldur minna en áætlað var. Gróðursett var frá 1-20 júní og þá aðeins rauðgreni, sem geymt var í kæli. Heppnaðist það mjög vel, plönturnar ekkert farnar að vaxa og í alla staði mjög meðfærilegar. 10 norðmenn unnu við gróðursetninguna frá 2-10 júní. Síðsumarsgróðursetningin fór fram 9. ág. - 9. sept. Allt gróðursett með bjúgskóflum í tímavinnu. Gróðursetningarkostnaður varð samtals kr. 63.408,00, eða kr. 0,73 á plöntu, en samanlagður grisjunar og gróðursetningarkostn-

aður kr. 128.826,00, eða kr. 1,⁴⁹ pr. plöntu. Þess ber þó að geta, eins og áður var sagt, að töluverður kostnaður varð vegna grisjunar frá eldri gróðursetningum og var það fært á grisjunarkostnað og eins hitt að óvíst er hvort nokkur hagnaður hafi verið í að norðmennirnir unnu kauplaust, en við að sjá um þá að öðru leiti, þótt gott sé og sjálfsagt að skipta á fólki á nokkurra ára fresti.

Gróðursett var: 39.000 rauðgreni 2/2 (N.Helgeland) 100 fjallapínur 2/2 (*Sap*) 800 rauðgreni 2/2 (Leirfjörð) 600 hvítgreni 2/2 (St.Jam) 375 kínagreni 2/2 (^{canallínsh} 3500 - - 56) 30.400 sitkagreni 2/2 (Cordova) 5000 bergfura 3/0 (Pyreneafjöll) 100 stafafura 2/2 (Colorado) og 10.000 stafafura 2/2 (~~Sent frá Hall.~~ *Alberta skv. Pál Guðmundsson*)

7. okt. var sáð 6,5 kg. af lúpínufraei á sandana fyrir austan Dímon og á nokkrum stöðum á leiðinn upp að Fossá, einnig var plantað í vor nokkrum lúpínurótum á sömu stöðum.

Á Þórsmörk var gróðursett dagana 20-21 maí, af "Farfuglum" í Sleppugili 1000 rauðgreni 2/2 (Nord-Helgeland).

Í brekkuna á Tumastöðum voru settar 775 sitkagreni 2/2 (Cordova) og 50 hvítbínur 2/2 (Sapínero). Gróðursett meðfram læknum í Þveráauragirðingu 100 elriplöntur.

Að Ölvisholti var gróðursett 4500 sitkagreni 2/2 (Cordova) og 500 bergfura 3/0 (Pyreneafjöll), þar varð gróðursetningarkostnaður kr. 0,63 pr. plöntu, meðreiknað flutningur á mannskap og plöntum.

Í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum var gróðursett 1000 sitkagreni 2/2 (Cordova), einnig nokkrar plöntur alaskaösp, þingvíðir, viðju og alaskalúpínurótum.

Á vegum Skógræktarfélaganna hér á suðurlandi var gróðursett. Skógræktarfélag Árnesinga 26.500 sitkagreni 2/2 (Cordova). 1325 blágreni 2/2 (Sapínero) 1100 bergfura 3/0 (Pyreneafjöll). Mestum hluta af þessu, var plantað að Snæfoksstöðum.

Skógræktarfélag Rangæinga, 15.370 sitkagreni 2/2 (Cordova) 500 stk.

bergfura 3/0 (Pyreneafjöll). Þessu var plantað í Tungugirðingu, Kverkina hjá Seljarlandi og Skógaskólagirðingu.

Skógræktarfélag Mýrdælinga plantaði 5000 sitkagreni 2/2 (Cordova) í Sólheimakots og Víkurgirðingu.

Skógræktarfélagið "Mörk" gróðursetti 1000 blágreni 2/2 (Sapinero) og 2000 sitkagreni 2/2 (Cordova)

Byggingar og viðhald:

Klætt var með 2" plasti í loftið á kæliklefanum á Tumastöðum. Viðleguskúr á Þórsmörk klæddur að innan, með olíusoðnu "masoníti". Í verkamannabústaðnum á Tumastöðum, var eldhús og borðstofa málað, svo og öll gólf í bústaðnum. Samanlagður kostnaður vegna viðhalds fasteigna á árinu varð kr. 13.135,00.

Leiðbeiningar og ferðalög:

1.-6. marz sat ég fund skógræktarstjóra og skógarvarða í Reykjav. 18.-20. marz aðalfundi Skógræktarfélaga Mýrdælinga í Vík í Mýrdal og Skógræktarfélagi "Mörk" að Kirkjubæjarklaustri. Til Vestmannaeyja 18 maí vegna gróðursetningar í Herjólfssdal. Á aðalfund Skógræktarfélags Íslands 17.-28. ágúst. sem haldinn var að Hallormsstað. Margar ferðir í skóglendi skógræktar ríkisins vegna framkvæmda þar, eins var skógræktarfélagum og deildum þeirra, hjálpað og leiðbeint við gróðursetningar og undirbúning þeirra, eins og tími vannst til.

17. júní kom 137 manna hópur frá Skógræktarfélagi Borgfirðinga í heimsókn, til að skoða stöðvarnar í Múlakoti og Tumastöðum, var tekið á móti þeim á Hvolsvelli með kaffi veitingum. 1. júlí komu 30 manns frá Skógræktarfélagi Árnésinga í heimsókn í Þjórsárdal, og voru þeim sýndar framkvæmdir skógræktarinnar þar.

Gróðrarstöð:

Vinna hófst í gróðrarstöðinni um miðjan apríl, en lauk um mánaðarmótin okt.-nóv. Þó vann verkstjórinn og verkamaður með honum allan veturinn, þegar þörf var á, við viðgerðir á vermigluggum, verkferum og klippingu á græðlingum þegar leið á veturinn.

Kæliklefi var starfræktur í sambandi við gróðrarstöðina í vor, voru mest allar dreifplöntur og smávegis af söluplöntum sett í hann í apríl og fyrrihluta maí. Gafst það mjög vel og nú um áramótin, er það sýnilegt að þær plöntur er geymdar voru í kælirnum standa mun betur, en plöntur er teknar voru beint úr dreifbeðum og farnar voru að vaxa þegar þær voru dreifsettar, þó voru síðustu plöntur ekki teknar út úr kælirnum og dreifsttar fyr en seinast í júní. Ekki er neinn sýnilegur munur á vexti þeirra plantna er fyrst voru dreifsettar eða síðast, sem í kælir voru. En aftur á móti þær plöntur er teknar voru beint úr dreifbeðum og farnar voru að vaxa, er þær voru dreifsettar, bættu litlu sem engu við vöxt sinn í sumar og nú um áramótin eru þær farnar að dragast upp úr jörðinni. Er það auðséð að plöntur sem ekkert eru farnar að vaxa þegar þær eru dreifsettar rótfesta sig mikið betur en plöntur, sem farnar eru að vaxa þegar þær eru dreifsettar.

Vöxtur var í meðallagi á dreifsettum plöntum og 2/0 sáðbeðs-plöntum í sumar, aftur á móti var lélegur vöxtur á 1/0 plöntum og spírun slæm. Um ástæðu fyrir því hvað 1/0 plöntur eru slæmar getum við ekki fundið, nema það gæti verið eitthvað í sambandi við notkun á allýlalkoholi, sem beðin voru vökvuð með fyrir sáningu til að drepa illgresi, þó var fræinu ekki sáð fyr en 5 - 8 dögum eftir vökvun.

Lítill holklaki var í vetur og komu plöntur vel undan vetri. Hreinsunin var í ágætu lagi í sumar. Zimasin var mikið notað með góðum árangri t.d. reiturinn fyrir vestan skógarvarðarbústað var sára lítið handreittur í sumar.

Sundurliðun á hinum einstöku kostnaðarliðum gróðrarstöðvarinnar var breytt í ár, svo ekki er gott að grea samanburð við fyrri ár.

Jarðvinnsla	kr. 12.125,00	eða	2,2 %
Fræplöntur	- 62.348,00	-	11,1 -
Dreifplöntur	- 132.806,00	-	23,6 -
Hreinsun fræplantna	- 32.636,00	-	5,8 -
Hreinsun dreifplantna	- 71.352,00	-	12,7 -
Plöntusala	- 35.170,00	-	6,3 -
Verkstj.og ráðskona	- 94.489,00	-	16,8 -
Efniskostnaður	- 47.053,00	-	8,4 -
Allsherjarkostnaður	- 31.663,00	-	5,6 -
Garðplöntur	- 23.053,00	-	4,1 -
Verkfæri	- 19.375,00	-	3,4 -
Samt.	562.070,00	-	100,0 %

Ekki er þetta þó allur kostnaður við stöðina, því ýmislegt hefur verið greitt í Reykjavík og reikningar því ekki fyrir hendi hér.

Sáðkassar eru til á 2784 m.- og góðir vermigluggar 647 stk. eða á tæpa 1000 m- . 1090 lengdar metrar af skjólgrindum 70 cm. háum voru smíðaðir í haust.

Jarðýtan vann í 75 kl. við jarðvinnslu og við að jafna út skurðarúðningum í sambandi við stækkun gróðrarstöðvarinnar.

Sáningar:

Sitkagreni Seward B-466	5,40 kg.	200 m.-	2.sæmil.
Sitkagreni Homer B-522	11,50 -	350 -	4.á stangli.
Rauðgreni Ytre N-Tr.B-429	4,40 -	70 -	3.heldur gisið.
Rauðgreni Rissa B-530	7,00 -	200 -	2.sæmilegt.
Sitkabast.Mose-Pass B-523	3,20 -	150 -	3.mikið gisið.
Stafafura Skagway B-521	0,27 -	25 -	3.heldur gisið.
Bergfura Pyr. B-473	1,08 -	50 -	3.heldur gisið.
Birki Bæjarst. B-526	2,00 -	100 -	1.mjög þétt.
Álmur Noregi	2,50 -	20 -	5.ekkert.
Samt.	37,35 kg.	1165 m.-	

=====

Dreifsetning 1961.

Sitkabastarður Lawing (frá Hall.) $\frac{2}{10}$	93.784 stk.
Sitkabastarður Lawing B.-436 $\frac{2}{10}$	30.096 -
Sitkagreni Hveragerði $\frac{2}{10}$	1.700 -
Sitkagreni Tumastöðum $\frac{2}{10}$	1.130 -
Sitkagreni Seward B.-348 $\frac{3}{10}$	183.360 -
Sitkagreni Homer B.-437 $\frac{2}{10}$	13.200 -
Sitkagreni Homer B.-389 $\frac{3}{10}$	21.600 -
Blágreni Sapinero B.-431 $\frac{2}{10}$	38.400 -
Rauðgreni V.V.Bindal B.-427 $\frac{2}{10}$	124.020 -
Rauðgreni 2/2 N.-Helgel. 3405-100-51.	6.500 -
Hvítgreni Moose-Pass B.-432 $\frac{2}{10}$	20.055 -
Hvítgreni Summit L. B.-433 $\frac{2}{10}$	62.413 -
Stafafura Skagway B.-444 $\frac{2}{10}$	32.219 -
Breddfura Colorado	3.000 -
Samt.	631.477 stk.

=====

Dreifsetning garðplöntur 1961.

Alaskaösp	10.500 stk.
Pingvíðir	4.500 -
Rifs	1.200 -
Fjallarifs	500 -
Ýmsir runnar	<u>2.000 -</u>
Samt.	18.700 stk.

=====
Plöntur til dreifsetningar 1962.

Sitkagreni Seward B.-465 2/0	120.200 stk.
Rauðgreni Otteröy B.-428 2/0	60.200 -
P. asperata Danmörku 3/0	1.100 -
Fjallapöll Lawing B.-409 3/0	30.000 -
Norðmannsþinur Austurríki B.-412 3/0	50 -
Lerki Graubunden B.-463 2/0	8.000 -
Stafafura Alberta B.-468 2/0	43.500 -
Stafafura Skagway B.-462 2/0	77.000 -
Skógarfura Rússland B.-506 2/0	8.600 -
Skógarfura Rússland B.-507 2/0	15.000 -
Sveigfura Montana B.-453 3/0	200 -
Birki B.-416 3/0	<u>4.000 - 367.850 stk.</u>

Garðplöntur.

Alaskaösp	15.000 stk.
Pingvíðir	6.000 -
Viðja	5.000 -
Rifs	2.000 -
Sólber	1.000 -
Ýmsir runnar	<u>10.000 - 39.000</u>
Samt.	406.850 stk.

=====

Plöntur til afhendingar 1962.

Skógarplöntur:

Sitkagreni Seward 102-100-56 2/3	39.700	stk.
Sitkagreni Seward frá Etne 2/2	68.400	-
Sitkagreni Cordova 130-100-54 2/3	16.000	-
Rauðgreni Leifjörd 3421-100-51 2/3	13.400	-
Bergfura St. Pierre Pyr. B.-448 3/0	66.400	-
Lerki Sviss 3/2	200	- x 1 kilo free
Rússalerki Onega 3654- -56 3/2	800	-
Lerki Graubünden B.-463 2/0	9.600	- 1.5 kg.
Birki B.-416 3/0	1.400	- 215.900 stk.

Síðsumarsplöntur.

Sitkagreni Seward 102-100-56 2/2/2	116.300	stk.
Sitkagreni Homer B.-389 2/2	34.100	-
Rauðgreni Bindal B.-378 2/2	16.000	-
Rauðgreni Rana 3403-100-51 3/2	6.400	-
Rauðgrenu Inneröy 3/2	1.700	-
Rauðgreni R-K-E-D. B.-329 2/2	23.900	-
Hvítgreni 2/2	300	-
Fjallapínur Sapinero 901-3000-55 3/2	17.500	-
Hvítþínur Sapinero 2400-3000-55 3/2	400	-
Balsampínur Newfondland 2750- -55 3/2 (sam. v.)	1.500	-
Stafafura Skagway B444 2/2	25.800	-
Bergfura Austurriki B.-451 3/0	40.000	- 283.900 stk.
Samt.	499.800	stk.

Gærðplöntur:

Álmur (30 cm. og yfir)	2.270	stk.	Reynir úrval	1.000	stk.
Runnamura 25/-	450	-	Viðja	500	-
Runnamura 15/-	830	-	Alaskaösp 50 cm.	3.100	-
Fjallarífs 15/-	260	-	Þingvíðir 2/0	1.790	-
Sólber 100 cm.	860	-	Birki	3.400	-
Rífs	500	-	Aðrar teg.	600	-

Samtals 15.560 stk.

Afhentar plöntur 1961.

Sitkagreni Cordova 108-100-54 2/3	217.795 stk.
Sitkagreni Seward 102-100-56 2/2	5.825 -
Rauðgreni N.- Helgel. 3405-100-51 2/3	40.500 -
Rauðgreni Leirfjörð 3421-100-51 2/2	800 -
Blágreni Sapinero 2003-3000-55 2/3	4.075 -
Blágreni Sapinero 2033-3100-55 2/2	4.100 -
Hvítgreni St, James 313-300-56 2/2	600 -
Kínagreni 3500- -56 2/2	375 -
Douglasgreni Blue-Mess 2700- -52 2/2	6.125 -
Hvítþinur Sapinero 2400-3000-54 2/3	50 -
Stafafura Colorado B.-403	150 -
Skógarfura Troms-st. 3003-100-47 4/0	15.800 -
Bergfura Pyr. B.-400 3/0	3.100 -
Bergfura St.-Pierre Pyr. B.-448 2/0	5.000 -

Samt. ~~307~~.295 stk.

<u>Garðplöntur.</u>	Birki	2276 stk.
	Reynir	325 -
	Alaskaösp	1304 -
	Þingvíðir	2122 -
	Sitkagreni	1982 -
	Álmur	132 -
	Elri	100 -
	Rifs	54 -
	Sólber	28 -
	Runnar	222 -

Samt. 8545 stk.

=====

Tumastöðum 31. des. 1961.

Gastó Jónsson